



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 30. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 26. janúar 2016, kl 09:30.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik Jakobsson, og Jón Óskar

Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 18.janúar 2016
3. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 25. janúar 2016
4. Fjármál sveitarfélagsins- rekstarniðurstaða 2015
5. Aðalfundur Samorku 2016
6. Dreifing pósts í Skútustaðahreppi
7. Bókun heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags.13.janúar 2016
8. Skýrsla sveitarstjóra-munnleg

Efni til kynningar

Fundargerð stjórnar Eyþings frá 8. desember 2015

Fundargerð stjórnar Hvamms frá 4. desember 2015

Fundargerð stjórnar leigufélags Hvamms frá 4. desember 2015

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund og lagði til að nýjum lið 3. Fundargerð *Umhverfisnefndar frá 25. janúar*. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur. Samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 18. janúar 2016. Fundagerðin er í 9 liðum.

Liður 1. **Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Sveitarstjórn heimilar að tillgan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og jafnframt felur hún skipulags- og byggingarfulltrúa málsmæðferð vegna auglýsingarinnar eins og skipulaglöög mæla fyrir um. Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir vék af fundi undir þessum lið og tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Samþykkt með 4 atkvæðum.

Liður 3. **Sprengisandslína, Kröflulína 3 og 4 o.fl. framkvæmdir.** Fyrirspurn um sameiginlegt umhverfismat.

Sveitarstjórn tekur undir afstöðu skipulagsnefndar og telur að umræddar framkvæmdir séu í heild sinni háðar sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000.

Liður 4. **Skútustaðir 2B. Umsókn um stofnun lóða.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðanna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna þær í fasteignagrunni Þjóðskrár. Sigurður G. Böðvarsson vék af fundi undir þessum lið og tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Samþykkt með 4 atkvæðum.

Liður 5. **Kistufell í Skútustaðahreppi. Stofnun lóðar.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár.

YRK

Liður 6. Drekagil í Skútustaðahreppi. Stofnun lóða.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðanna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna þær í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Liður 7. Reykjahlíð 2. Umsókn um stofnun lóðarhluta í óskiptu landi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Liður 8. Reykjahlíð 4. Umsókn um stofnun lóðarhluta í óskiptu landi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hann í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 25. janúar. Fundargerðin er í 3 liðum.

Liður 2.

Sveitarstjórn tekur vel í hugmynd um veitingu umhverfisverðlauna og felur Umhverfisnefnd að útfæra tillöguna nánar og leggja fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn felur Landbúnaðar-og girðinganefnd að gera úttekt á ástandi gangnamannaskála í sveitarfélagini og koma með tillögur að úrbótum.


Liður 3

Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.


Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

4. Sveitarstjóri kynnti rekstrarstöðu janúar-desember 2015 og lagði fram rekstraryfirlit einstakra rekstrareininga.
5. Áðalfundur Samorku verður haldinn í Reykjavík föstudaginn 19. febrúar 2016. Erindið var til kynningar.
6. *Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mótmælir harðlega boðuðum breytingum á dreifingu pósts í sveitarfélagini. Að mati sveitarstjórnar er um grófa mismunun að ræða sem þýða mun þjónustuskerðingu fyrir ibúa og fyrirtæki á svæðinu sem skerðir samkeppnishæfni þess. Sveitarstjórn skorar á stjórnendur Íslandspósts að endurskoða boðuð áform.*
7. Í bókun HNE er lýst áyggjum af boðuðum breytingum á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og áhrifum þess á starfsumhverfi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir bókun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og telur farsælla að efla starfsemi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem tryggja mun góða nærpjónustu við fyrirtæki og ibúa um allt land.
8. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi sveitarstjórnar. Undir þessum lið var eftirfarandi bókun samþykkt. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um hækken á yfirdráttarheimild i Sparisjóði S-Pingeyinga um 15 milljónir króna til viðbótar við áður samþykktta heimild uppá 30 milljónir. Heimildin gildi út árið 2016.

Fundi slitið kl. 10:05



Yngvi Ragnar Kristjánsson




Jóhanna Katrín Pórhallsdóttir



Guðrún Brynleifsdóttir



Sigurður G. Böðvarsson



Friðrik Jakobsson



Jón Óskar Pétursson